



Jóhanna S. Kjaladó: Safir og gull / Snow and Gemstone 1934

Summer Exhibition
From the Collection

Sumarsýning - Úr safneign
24. júní - 17. september 2006



Þórunn B. Þorláksson: Sumarnótt á Þingvöllum / Summer Night at Thingvalla 1900

Frelsi til að njóta

Listasafn Reykjavíkur efnir reglulega til sýninga á verkum úr eigu safnsins. Sýningarnar varpa ljósi á safneign sem orðið hefur til á síðustu áratugum og saman stendur af margbreytilegum verkum eftir fjölda listamanna frá ólíkum tímum. Í safneigninni eru verk eftir frumkvöðla íslenskrar myndlistar, formbyltingarmenn abstraktlistarinnar, hugmyndalistamenn síðari hluta 20. aldar og listamenn samtímans sem bæði kanna nýja miðla og storka þeim mörkum sem myndlistinni hafa verið sett. Þessi upptalning er ekki tæmandi en gefur nokkra mynd af fjölbreytileika safneignarinnar. Meginmarkmið söfnunarstefnu Listasafns Reykjavíkur er að safna framúrskarandi verkum listamanna samtímans jafnframt því að efla þrjár meginstöðir safneignarinnar, sersöfn listamannanna Jóhannesar S. Kjarvals, Ásmundar Sveinssonar og Errós. Reglulega eru settar upp sýningar úr safneigninni þar

sem verkin eru skoðuð með tíma, þema eða önnur listasöguleg viðmið í huga. Í þetta skipti var fagurfræði höfð að leiðarljósi og hefðbundin listasöguleg viðmið látin víkja fyrir samhljómi verkanna í sölum safnsins.

Verkin á sýningunni eru frá ýmsum tímum og gefa innsýn í íslenska myndlist frá því um aldamótin 1900 og til samtímans. Þó er ekki sögð linuleg saga heldur safneignin skoðuð með það í huga að sýna verk sem áhorfandinn getur notið á forsendum fegurðar og tilfinninga fremur en þess að þau séu hluti ákveðinna sögulegra aðstæðna. Hvert verk fyrir sig verður hluti af fagurfræðilegri heild sem áhorfandinn upplifir á eigin forsendum, hafnar eða finnur þann samhljóm sem leitað er að. Þó verkin séu valin með fegurð, tilfinningar og upphafningu í huga útilokar það ekki annað gildi þeirra og segir fátt um þær vísanir aðrar sem þau geta búið yfir. Við skoðun sýningarinnar fæst innsýn í víðfangsefni og





vinnuaðferðir íslenskra myndlistarmanna en sérstök áhersla er á að sýna málverk úr eigu safnsins. Málverkið hefur þá stöðu að vera óumdeilt sem miðill listamanna og kallar því síður en margir aðrir miðlar á spurningar um birtingarmynd listarinnar heldur á galdur málverksins á greiða leið að áhorfandanum.

Margir af helstu málurum þjóðarinnar eiga verk á sýningunni auk þess sem nokkur verk eru eftir listamenn sem vinna í aðra miðla. Elsta verkið er eftir Þórarinn B. Þorláksson og er frá því um aldamótin 1900 en þau yngstu eru unnin við upphaf 21. aldar. Sýningin ber þess glöggvitni að nálgun íslenskra listamanna við viðfangsefni sín er fjölbreytileg og býður uppá áhugaverða skoðun. Sú leið sem hér er farin og leggur áherslu á fagurfæðilega nálgun gestsins býður uppá margslunginn lestur sem hver og einn áhorfandi nýtur á eigin forsendum.

Það er ósk aðstandenda þessarar sýningar að hún þjóni þeim fjölbreytta hópi sem sækir

safnið heim á sumrin og að hún endurspegli þá skoðun að fegurð sé einn af grundvallarmælikvörðum mannlegra verðmæta.

Njótið vel.



Freedom to enjoy

This summer the Reykjavik Art Museum presents a selection of works from the museum's collection at Kjarvalsstaðir. The exhibition gives an overview of the collection and presents works by Icelandic artists since the turn of the 20th century. Rather than concentrating on an art historical theme, the selection of works aims at the creation of a unified aesthetic whole to which each work contributes.

Paintings by many of the most prominent painters of Iceland are included in the exhibition, as well as work in other media. The exhibition shows the diverse styles and approaches of Icelandic artists and many of their common subject matters are represented, as they have changed and developed in the course of time. Thus genre paintings by the earlier artists present themes and responses to the realities of life that are also found, in new forms, in the work of later generations of artists. Exploration of tension between restrictions and freedom, tradition



Kristján Ólafsson, An Illi, Iceland 1997

and innovation, evolves from descriptive imagery to provocative conceptual approaches.

Most significantly, the exhibition offers an opportunity to see many of the beautiful gems of Icelandic art of the last 100 years, brought together in one place for the viewer's aesthetic experience. The Reykjavik Art Museum aims to collect outstanding examples of modern and contemporary art, as well as to gather a comprehensive collection of the three foundation artists of the museum – Johannes S. Kjarval, Ásmundur Sveinsson, and Erró. The collection comprises diverse trends in Icelandic art since the turn of twentieth century, ranging from landscape paintings, to abstract works, to conceptual art. The exhibition gives only a hint of the diversity of the collection, which continues to expand into new forms with installation art and collaborative work.

Enjoy.



Johannes S. Kjarval, Sun og myndir, Útstillingin í Jónu í Austur, Reykjavík, myndir myndir myndir myndir, 1948



Opnunartími í Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum alla daga kl. 10 – 17.
Opnunartími í Ásmundarsafni maí – september kl. 10-16
og október – apríl kl. 13-16.

Aðgöngumiðinn gildir samdægurs í öll húsin.
Alla sunnudaga kl. 15 er ókeypis leiðsögn í Hafnarhúsinu
og á Kjarvalsstöðum.

Kjarvalsstaðir and Hafnarhús are open every day from 10 a.m. to 5 p.m.
Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum (Ásmundarsafni) is open from
10 a.m. to 4 p.m. (May – September) and 1 to 4 p.m. (October – April).

The entrance ticket gives access to exhibitions at all three museums
on the same day.

Guided tours in English at Kjarvalsstaðir are on Tuesdays at 11 a.m.
and Thursdays at 3 p.m.

Sýningar í Hafnarhúsi:

Carnegie Art Award June 8 – August 20, 2006
Eið – Grafík June 10, 2006 – January 3, 2007

Sýning í Ásmundarsafni:

Ásmundur Sveinsson – Maður og efni Fastasýning



Exhibitions at Hafnarhús:

Carnegie Art Award June 8 – August 20, 2006
Eið – Prints June 10, 2006 – January 3, 2007

Exhibition at Ásmundarsafni:

Ásmundur Sveinsson – Man and Material Permanent exhibition

Listasafn Reykjavíkur / The Reykjavik Art Museum – **KJARVALSSTAÐIR** Flókagata 24, 105 Reykjavík
www listasafnreykjavikur.is - listasafn@reykjavik.is - sími (+354) 590 1200 - fax (+354) 590 1201



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVÍK ART MUSEUM